

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017, frístundabyggð og verslunar- og þjónustusvæði í landi Arnarness.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. mars 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017 frá 7. desember 1998.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Frístundabyggð í landi Arnarness stækkar úr 5,3 ha í 60 ha á kostnað ræktaðs lands, opins óbyggðs svæðis og opins svæðis til sérstakra nota. Aðkoma að svæðinu er fyrirhuguð um heimreið að Arnarnesi sem tengist Ólafsfjarðarvegi nr. 82.
2. Gert er ráð fyrir 0,7 ha verslunar- og þjónustusvæði í stað túns austan við íbúðarhúsið í landi Arnarness.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 31. mars 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.